

Verkmenntaskólinn á Akureyri

Ársskýrsla 2023



Verkmenntaskólinn
á Akureyri

Inngangur

Ársskýrsla þessi er unnin fyrir Mennta- og menningarmálaráðuneytið (MRN) og er jafnframt yfirlit yfir hlutverk, markmið og það helsta sem unnið hefur verið að í Verkmenntaskólanum á Akureyri (VMA) á árinu 2023. Greint verður frá því hvernig skólinn hefur unnið að þeim markmiðum sem hann hefur sett sér en einnig er gerð grein fyrir hlutverki skólans og ýmsum tölulegum upplýsingum er varða skólastarfið. Skýrsla þessi er lögð fram í maí 2024. Skýrslan er unnin af stjórnendum skólans og er birt á vef hans.

Myndir í þessari skýrslu eru fengnar af heimasíðu skólans og flestar teknar af Hilmari Friðjónssyni og Óskari Þór Halldórssyni. Forsíðumynd tók Sigríður Huld.

Hlutverk og skipulag skólans

Samkvæmt lögum um framhaldsskóla er hlutverk VMA að stuðla að alhliða þroska allra nemenda og virkri þátttöku þeirra í lýðræðisþjóðfélagi með því að bjóða hverjum nemanda nám við hæfi, svo að hann verði sem best búinn undir að taka virkan þátt í lýðræðisþjóðfélagi. Framhaldsskólinn býr nemendum undir störf í atvinnulífinu og frekara nám.

Fjölbreytni í námsframboði og breidd nemendahópsins eru ein sterkustu sérkenni VMA. Gildi og einkunnarorð skólans endurspeglar þá áherslu en þar segir m.a. að nemendum séu hornsteinn skólans. Markmið með námi þeirra í VMA er að þeir þroskist, öðlist sjálfstraust, þeim líði vel, þeir tilheyri hópnum og tileinki sér ákveðna leikni, þekkingu og hæfni sem fylgir þeim út í lífið til frekara náms eða á vinnumarkað.



VMA er áfangaskóli og þar fer fram kennsla til stúdentsprófs á bóknámsbrautum, og listnámsbrautum, nám á brautarbrú, iðnnámsbrautum og til starfsréttinda ásamt

starfs- og sérnámsbraut fyrir nemendur sem eru í einstaklingsmiðuðu námi. Fjölbreytt fjarnám er við skólann ásamt meistaraskóla fyrir iðnsveina.

Nám á brautum skólans er sett upp samkvæmt námskrám í viðkomandi greinum og eru brautarlýsingar inni á námskrárvef, namsskra.is. Fjarnám er við skólann, aðallega með hefðbundnum bóknámsáföngum og eru áfangar í meistaraskóla fyrir iðnmeistara kenndir í fjarnámi. Á árinu 2023 var boðið upp á nám á ýmsum brautum eins og fram kemur í kaflanum námsframboð

Námsframboð

Nám til stúdentsprófs (200 einingar):

- **Félags- og hugvísindabraut.** Brautinni er ætlað að veita nemendum góða og almenna þekkingu á sviði félags- og hugvísinda. Auk kjarnagreina er lögð áhersla á félags- og hugvísindagreinar og góðan undirbúning fyrir háskólanám, m.a. á sviði félags- og hugvísinda.
- **Fjölgreinabraut.** Á brautinni taka nemendur breiðan brautarkjarna sem inniheldur m.a. náttúrulæsi, menningarlæsi og lokaverkefni auk kjarnagreina. Brautin er skipulögð sem undirbúningur fyrir háskólanám í þeim greinum sem nemendur kjósa að sérhæfa sig í.
- **Íþrótt- og lýðheilsabraut.** Brautinni er ætlað að veita nemendum góða og almenna þekkingu á sviði íþrótt- og heilsufræða. Auk kjarnagreina er lögð áhersla á fjölbreyttar íþróttagreinar, íþróttufræði, starfsþjálfun, stjórnun og tölfraði. Brautin er skipulögð sem góður undirbúningur fyrir háskólanám m.a. í lýðheilsufræði, heilbrigðisgreinum, þjálfufræði, tómsundafræði og skyldum greinum.
- **Listnáms- og hönnunarbraut (myndlistarlína).** Á brautinni er lagður grunnur að listiðkun og frekara námi í listgreinum í sérskólum eða í skólum á háskólastigi. Listnáms- og hönnunarbraut á að stuðla að eflingu sköpunargáfu og veita góðan grunn fyrir nám í öllum skapandi greinum sem tengjast manngerðu umhverfi, skemmtana-, tölvu-, tísku- og listheimi. Auk þessa stunda nemendur almennt bóklegt nám.
- **Listnáms- og hönnunarbraut (textíllína).** Á brautinni er lagður grunnur að listiðkun og frekara námi í listgreinum í sérskólum eða í skólum á háskólastigi. Á textíllínu er áhersla lögð á listgreinar á sviði textílhönnunar og sérstaklega yfirborðshönnun efna. Auk þessa stunda nemendur almennt bóklegt nám.
- **Náttúruvísindabraut.** Brautinni er ætlað að veita nemendum góða og almenna þekkingu á sviði náttúruvísinda. Auk kjarnagreina er lögð áhersla á raungreinar, s.s. efnafræði, líffræði, eðlisfræði og jarðfræði auk stærðfræði. Brautin er skipulögð sem undirbúningur fyrir háskólanám m.a. á sviði heilbrigðis- og raunvísinda.

-
- **Viðskipta- og hagfræðibraut.** Brautinni er ætlað að veita nemendum góða og almenna þekkingu á sviði viðskipta- og hagfræðigreina. Auk kjarnagreina er lögð áhersla á viðskipta- og hagfræðigreinar, s.s. bókfærslu, hagfræði og stjórnun og góðan undirbúning fyrir framhaldsnám í háskóla í viðskiptafræðum, hagfræði og skyldum greinum.
 - **Viðbótarnám til stúdentsprófs.** Námið er ætlað nemendum í iðn- og starfsnámi og þeim sem lokið hafa slíku námi. Nemendur geta tekið áfanga til stúdentsprófs með iðn- og verknáminu eða bætt stúdentsprófsáföngum við að loknu því námi.

Brautabré


Nám á brautarbrú er ætlað nemendum sem eru óráðnir í námsvali eða hafa ekki náð fullnægjandi námsárangri í kjarnagreinum grunnskóla. Brautin hefur það markmið að vekja áhuga nemenda á námi í framhaldsskóla og styrkja námshæfni þeirra m.a. með það fyrir augum að nemendur komist inn á aðrar námsbrautir framhaldsskólans.

Starfsbraut og sérnámsbraut

Nám á starfs- og sérnámsbraut er fjögur ár en þar sem námið er einstaklingsmiðað geta áherslur og þátttaka í áföngum verið mismunandi á tímabilinu. Námið á brautinni er blanda af bóklegu og verklegu námi. Náminu er skipt í kjarna og val og leitast er við að hafa námið sem fjölbreyttast og þverfaglegt. Í kjarna eru skylduáfangar brautarinnar. Valáfangar taka mið af því sem almennt er í boði í skólanum hverju sinni ásamt því sem reynt er að koma til móts við áhuga, þarfir og óskir nemenda með starfsbrautaráföngum, s.s á sviði matreiðslu, listnáms, hönnunar, íþróttá, tungumála og upplýsingatækni.

Iðn- og starfsnám

- **Byggingagreinar - Grunnám bygginga- og mannvirkjagreina.** Meginmarkmið námsins er að veita nemendum sýn á atvinnugreinarnar og störf innan þeirra. Í lok grunnnámsins eiga nemendur að hafa fengið faglegan grunn til að byggja á áframhaldandi nám. Námið er ein önn en síðan tekur við sérhæfing í þeirri byggingagrein sem nemendur velja, t.d. húsasmíði, pípulagnir eða múraraiðn. Pípulagnir, málaraíðn og múraraiðn eru kenndar í lotunámi í VMA en það nám er ekki alltaf í boði.
- **Húsasmíði (dagskóli og kvöldnám).** Nemendur hljóta sértæka þekkingu á sérsviðum greinarinnar ásamt færni í að sinna allri smíðavinnu í bygginga- og mannvirkjaiðnaði. Við námslok hefur nemandi færni í verkstæðis- og innréttingavinnu, vinnu á byggingarstað og viðgerða- og breytingavinnu. Heildarnámstími er að jafnaði fjögur ár. Eftir að nemendur ljúka ferilbók hjá iðnmeistara og hafa fengið útskrift frá skólanum fara nemendur í sveinspróf sem gefur þeim starfsréttindi í greininni.



Nemendur í stál- og blikksmíði smíða kerru sem lokaverkefni ábrautinni

- **Pípulagnir (lotunám).** Nemendur hljóta sértæka þekkingu á sérsviðum greinarinnar t.d. hvað varðar lagningu vatnshitakerfa, neysluvatnskerfa, frárennslikerfa og uppsetningu og tengingu á ýmsum hreinleitis- og heimistækjum. Nemendur að öðlast leikni í aðferðum og verklagi. Heildarnámstími er að jafnaði fjögur ár. Eftir að nemendur ljúka ferilbók hjá iðnmeistara og hafa fengið útskrift frá skólanum fara nemendur í sveinspróf sem gefur þeim starfsréttindi í greininni.
- **Hársnyrtinám** – Námið hefst á grunndeild sem tekur að jafnaði þrjár annir. Þar eru allar almennar greinar kenndar auk grunnáfanga hársnyrtiiðnar . Námið að lokinni grunndeild er verkefnabundið og þá fléttast saman nám í skóla og á vinnustað. Heildarnámstími er að jafnaði fjögur ár að grunnbraut meðtalinni. Nám og kennsla í hársnyrtiiðni miðast við að veita almenna, faglega menntun í greininni, auka færni nemenda í meðferð hársnyrtivara og beitingu áhalda og tækja, þjálfa sjálfstæð vinnubrögð nemenda og auka hæfileika og getu þeirra til samvinnu við aðra. Lögð er áhersla á gæðavitund, þjónustulund og siðfræði fagsins í víðum skilningi. Eftir að nemendur ljúka ferilbók hjá iðnmeistara og hafa fengið útskrift frá skólanum fara nemendur í sveinspróf sem gefur þeim starfsréttindi í greininni.
- **Matvælanám - Grunnám matvæla- og ferðagreina.** Námið er ætlað nemendum sem stefna að frekara námi í matvæla- og ferðagreinum. Námið felur í sér almenna menntun þar sem lögð er áhersla á alhliða þroska nemenda og lýðræðislega virkni. Námið er undirbúningur fyrir iðnnám í

matreiðslu, bakstri, framreiðslu og kjötið en einnig er það undirbúningur fyrir frekara nám í matartækni og/eða í ferðaþjónustu.

- **Matartæknánám (helgarnám).** Prepaskipt, bóklegt og verklegt nám sem lýkur með fagprófi matartækni á 3. námsþrepi. Í VMA er námið yfirleitt skipulagt sem lotunám og flestir nemendur koma í námið eftir raunfærnimat. Matartæknánám er þrjár annir í skóla ásamt vinnustaðanámi og starfsþjálfun. Matartæknánámið býr nemendur undir matreiðslu og stjórnun í eldhúsum heilbrigðisstofnana, skóla og mótuneytum vinnustaða. Að loknu námi sækja nemendur um starfsleyfi hjá Embætti Landlæknis.
- **Matreiðsla (lotunám).** Nemendur hljóta nauðsynlega almenna, faglega og verklega menntun til að takast á við matreiðslustörf. Að loknu námi í skóla, starfsþjálfun og sveinsprófi öðlast nemendur starfsréttindi. Heildarnámstími er að jafnaði fjögur ár. Eftir að nemendur ljúka ferilbók hjá iðnmeistara og hafa fengið útskrift frá skólanum fara nemendur í sveinspróf sem gefur þeim starfsréttindi í greininni.
- **Framreiðsla (lotunám).** Framreiðslunám er verklegt og bóklegt fagnám sem lýkur með sveinsprófi í framreiðslu á 3. hæfniprepi. Námið fer fram í skóla (3 annir) og á viðurkenndum starfsnámsstöðum s.s. veitingastöðum og á hótelum sem hafa nemaleyfi og þar með rétt til að taka nemendur í framreiðslunám. Eftir að nemendur ljúka ferilbók hjá iðnmeistara og hafa fengið útskrift frá skólanum fara nemendur í sveinspróf sem gefur þeim starfsréttindi í greininni.
- **Grunnnám málm- og véltæknigreina.** Náminu er ætlað að veita nemendum góða og almenna þekkingu, m.a. á málmsmíði og véltækni. Einnig er lögð áhersla á að þjálfa nemendur til starfa á sem flestum sviðum málm- og véltæknigreina. Brautin er undirbúningur fyrir sérnám m.a. í stálmíði, vélvirkjun, bifvélavirkjun og vélstjórn. Að lokinni grunndeild velja nemendur sér faggrein eftir áhugasviði.
- **Bifvélavirkjun.** Nemendur hljóta nauðsynlega almenna, faglega og verklega menntun til að takast á við störf bifvélavirkja. Heildarnámstími er að jafnaði þrjú - fjögur ár. Eftir að nemendur ljúka ferilbók hjá iðnmeistara og hafa fengið útskrift frá skólanum fara nemendur í sveinspróf sem gefur þeim starfsréttindi í greininni.
- **Stálmíði.** Nemendur hljóta nauðsynlega almenna, faglega og verklega menntun til að takast á við störf í stálmíði. Heildarnámstími er að jafnaði fjögur ár. Eftir að nemendur ljúka ferilbók hjá iðnmeistara og hafa fengið útskrift frá skólanum fara nemendur í sveinspróf sem gefur þeim starfsréttindi í greininni.
- **Vélvirkjun.** Markmið námsins er að gera nemendum kleift að takast á við þau viðfangsefni sem vélvirkjar inna af hendi, þ.e. uppsetningu, viðgerðir, viðhald, endurnýjun og þjónustu á hvers kyns vél- og tækniþúnaði og flutningakerfum í skipum, vinnslustöðvum, vinnuvélum, verksmiðjum, orkuverum og orkuveitum, skipulagningu fyrirbyggjandi viðhalds, eftirliti með ástandi vélþúnaðar og greiningu bilana. Námið samanstendur af bóklegu og

verklegu námi í skóla ásamt starfsþjálfun í fyrirtækjum. Námið tekur að lágmarki þrjú ár. Eftir að nemendur ljúka ferilbók hjá iðnmeistara og hafa fengið útskrift frá skólanum fara nemendur í sveinspróf sem gefur þeim starfsréttindi í greininni.

- **Vélstjórn A – D réttindi.** Nám til vélstjórnar veitir, að uppfylltum skilyrðum um menntun, starfsþjálfun, siglingatíma, aldur og heilbrigði, atvinnuréttindi til starfa um borð í skipum. Námi í vélstjórn er einnig ætlað að veita menntun og þjálfun til að nemendur geti sinnt vélstjórnarstörfum í landi, t.d. á sviði orku- og veitufyrirtækja og í iðnaði. Námið er skipulagt í fjórum þrepum eftir því hve víðtæk réttindi eru að námi loknu. Námstími er fimm ár.
- **Rafiðnanám - Grunnám rafiðna.** Náminu er ætlað að veita nemendum góða og almenna þekkingu á rafmagnsfræði og rafeindatækni og að þjálfa þá til starfa á sem flestum sviðum rafiðna. Brautin er undirbúningur fyrir sérnám í rafiðngreinum.
- **Rafvirkjun.** Nemendur hljóta nauðsynlega almenna, faglega og verklega menntun til að takast á við störf rafvirkja. Heildarnámstími er að jafnaði þrjú - fjögur ár. Eftir að nemendur ljúka ferilbók hjá iðnmeistara og hafa fengið útskrift frá skólanum fara nemendur í sveinspróf sem gefur þeim starfsréttindi í greininni.
- **Rafeindavirkjun.** Nemendur hljóta nauðsynlega almenna, faglega og verklega menntun til að takast á við störf rafeindavirkja. Að loknu námi í skóla, starfsþjálfun og sveinsprófi öðlast nemendur starfsréttindi. Námið tekur alls fjögur ár.
- **Sjúkraliðabraut.** Brautinni er ætlað að undirbúa nemendur undir störf við hjúkrun, aðhlyningu, endurhæfingu og forvarnir bæði á heilbrigðisstofnunum og á heimilum fólks þar sem reynir mikið á samskiptafærni og siðferðisvitund starfsmanna. Sjúkraliðanámi er þriggja ára nám ásamt starfsþjálfun og getur verið góður grunnur fyrir frekara nám í heilbrigðisvísindum. Að loknu námi sækja nemendur um starfsleyfi hjá Embætti Landlæknis.

Nánari upplýsingar um brautir og brautarlýsingar má finna á heimasíðu skólans, sjá flippann [Námið](#) á heimasíðu skólans. Á vef skólans má einnig sjá [áfangalýsingar](#) og námsáætlanir birtast hjá nemendum í Innu.

Ný **reglugerð um vinnustaðanámi** nr. 180/2021 tók gildi 1. ágúst 2021 og um leið var tekin upp rafræn ferilbók fyrir nemendur í vinnustaðanámi. Nú bera skólar ábyrgð á að finna vinnustað þar sem neminn fær leiðsögn og æfingu við raunaðstæður. Önnur breyting er sú að ef ekki tekst að koma nema á samning tekur svokölluð skólaleið við þar sem skólinn þarf að sjá til þess að neminn fái nauðsynlega þjálfun jafnvel á fleiri en einum vinnustað. Þriðja breytingin er sú að horft verður til hæfni nemans við ákvörðun um lengd vinnustaðanáms. Skilgreindir hafa verið hæfnipættir fyrir hverja námsgrein og þarf nemi að ná tókum á þeim handbrögðum sem þar eru tilgreind.

Skólinn hefur stærra hlutverk en áður hvað varðar vinnustaðanámið og mikil breyting sem felst í því að utan um hald á ferilbók er komin til skólanna en áður hélt Iðan utan um námssamninga nemenda. Innleiðing ferilbókarinnar hélt áfram á árinu og gera má ráð fyrir að nemendur, skólar og vinnustaðir þurfi næstu 1-2 árin til að aðlagast breyttu vinnulagi og eftirfylgni.



Frá útskrift í Hofi 26. maí 2023

Nemendafjöldi

Á vorönn 2023 hófu um 900 nemendur nám í dagskóla og um 350 í fjarnámi. Alls 183 nemendur með 209 brottfararskírteini voru brautskráðir í maí. Brotthvarf á vorönn 2023 í dagskóla var 13,6% sem er töluvert hærra en undanfarin ár. Brotthvarf er ekki innan markmiða, en markmið skólans er 9% brotthvarf eða lægra. Haldið er utan um ástæðu brotthvarf úr skóla, og á vorönn 2023 var langalgengast að nemendur hyrfu frá námi sökum andlegra veikinda.

Á haustönn 2023 hófu um 900 nemendur nám í dagskóla og um 300 í fjarnámi og tæplega 50 í kvöld- eða lotunámi. Þá voru 88 nemendur með 95 skírteini brautskráðir í desember en alls útskrifuðust 271 nemandi á árinu með 304 skírteini. Brotthvarf á haustönn 2023 var 11,2% sem er ívið lægra heldur en fyrri annir.

Innritun á haustönn 2023 fór fram í samræmi við leiðbeiningar um innritun í framhaldsskóla frá Menntamálastofnun. Flest allir nýnemar sem sóttu um VMA sem fyrsta og annað val fengu inn í skólanum. Nokkrum nemendum, sem sóttu um brautarbrú og höfðu lögheimili á upptökusvæði annars framhaldsskóla en VMA, var hafnað. Helsta ástæða þess að nemendur fengu höfnun í nám á ákveðnum brautum var sú að nemendur annað hvort uppfylltu ekki skilyrði brautar eða að nám var ekki í boði. Eins fengu nemendur höfnun sem höfðu náð 18 ára aldri og

voru með sögu um úrsagnir úr áföngum/skóla og/eða höfðu mætt illa í skólann. Nemendum sem uppfylltu ekki skilyrði inn á brautir eða sóttu um nám sem var ekki í boði, var í flestum tilfellum boðið upp á annað nám í VMA. Vegna aukinnar ásóknar nýnema og nemenda yngri en 18 ára á sumar iðnnámsbrautir skólans, þurfti að hafna eldri nemendum sem sóttu um skólavist, sérstaklega á þetta við um umsækjendur í byggingagreinum. Farið var af stað með nám í rafvirkjun í kvöldskóla vorið 2023 til að auka tækifæri eldri nemenda til náms í rafiðngreinum. Á haustönn 2023 var farið af stað með nám í kjötið, nám í heilsunuddi ásamt 2. námshóp í kvöldskóla í húsasmíði.

Tafla 1. Skipting nemenda eftir námsbrautaflokkum og kyni haustið 2023

Tegund náms	Karlar	Konur	Alls	Hlutfall %
Brautabré	8	6	14	1.5%
Iðn- og verknám	287	50	337	36.8%
Sjúkraliðanám	2	28	30	3.3%
Starfsbrautir	58	24	82	9.0%
Stúdentsnám	184	160	344	37.6%
Vélstjórn	55	1	56	6.1%
Lotu- og kvöldnám	36	16	52	5.7%
Alls	630	285	915	
Fjarnám			316	25.7%

Kynjaskipting nemendahópsins í VMA var býsna ójöfn í skólanum eins og tafla 1 ber með sér. Þar munar mestu hve miklu fleiri karlar en konur eru í iðn- og verknámi skólans. Konur eru 31.1% nemenda en karlar 68.9%.

Tafla 2. Fjöldi nemenda í dagskóla VMA 2019-2023

2019		2020		2021		2022		2023	
Vor	Haust	Vor	Haust	Vor	Haust	Vor	Haust	Vor	Haust
1015	1065	950	1001	948	995	954	940	901	915

Tafla 3. Fjöldi nemenda í fjarnámi í VMA 2019-2023

	2019		2020		2021		2022		2023	
	Vor	Haust	Vor	Haust	Vor	Haust	Vor	Haust	Vor	Haust
Ekki í dagskóla	237	221	261	230	292	235	234	208	270	257
Í dagskóla	54	92	73	64	41	62	77	63	79	63

Alls	291	313	334	294	333	297	311	271	349	320
-------------	------------	------------	------------	------------	------------	------------	------------	------------	------------	------------

Í töflu 3 má sjá að þróun nemendafjölda í fjarnámi síðustu fimm ár hefur verið nokkuð stöðug eða um 300 nemendur á önn. Nemendum í fjarnámi við VMA hefur fækkað frá því sem áður var en árið 2014 voru um 500 nemendur í fjarnámi við skólann.

Tafla 4. Fjöldi nýnema í dagskóla VMA 2019-2023

Ár	Karlar	Konur	Alls
2019	146	80	226
2020	140	89	229
2021	131	83	214
2022	126	78	204
2023	146	71	217

Yfirlit yfir fjölda nýnema að hausti í dagskóla má sjá í töflu 4. Þar vekur athygli hve umsóknir karla eru áberandi fleiri en kvenna. Væntanlega endurspeglar það kynbundið námsval sem vikið var að í umfjöllun um töflu 1.



Lokaverkefnissýning á verkum brautskráningarnema á listnáms- og hönnunarbraut í Listasafninu á Akureyri, maí 2023.

Nemendur í dagskóla koma flestir frá Akureyri eða 64%, 15.1% úr nágrennasveitarfélögum á Eyjafjarðarsvæðinu og um 20.9% úr öðrum sveitarfélögum. Búseta þeirra dreifist vítt og breitt um landið og má segja að VMA eigi fulltrúa frá flestum byggðarlögum landsins. Búseta nemenda í fjarnámi sem ekki eru jafnframt nemendur í dagskóla er mun dreifðari.

Aldursbil nemenda í VMA er breitt og haustið 2023 voru 86% nemenda 20 ára og yngri. Þá vekur athygli að færri nemendur eldri en fimmtugir stunduðu nám við dagskóla en oft áður, eða einungis einn, má leiða að því líkur að kvöld- og lotunám í iðn- og starfsnámi hafi þarna áhrif.

Á haustönn 2023 voru 139 nemendur VMA á sameiginlegri heimavist VMA og MA. Hlutfall VMA nemenda á heimavist hefur farið hækkandi undanfarin ár og hefur heimavistinni tekist að halda nokkuð í íbúafjölda heimavistar. Íbúapróun í nágrennasveitarfélögum skólanna hefur áhrif á nemendafjölda skólanna og nemendum almennt í báðum skólum fækkar. Skólameistari VMA situr stjórnarfundum Lundar sem rekur heimavist VMA og MA. Ársskýrslu fyrir skólaárið 2022-2023 má [sjá](#) á heimasíðunni heimavist.is. Á vorönn 2023 var starfsfólk heimavistar með VMA á sýningunni Mín framtíð sem fór fram í Laugardalshöll á sama tíma og Íslandsmót iðngreina fór fram.



Kynning á VMA og heimavist VMA og MA á sýningunni Mín framtíð - Íslandsmót iðngreina mars 2023

Brotthvarf og fjarvistir

Brotthvarf nemenda í dagskóla VMA hefur verið á bilinu 7,3% til 12,4% síðustu fimm árin eins og sjá má í töflu 5. Samkvæmt henni hefur brotthvarf heldur aukist á tímabilinu en skólinn hefur sett sér það markmið að brotthvarf í dagskóla fari ekki yfir 9%. Vegna þeirra óviðráðanlegra aðstæðna sem voru vegna COVID faraldar hefur það haft áhrif á nemendur og starfsfólk. Ástundun nemenda er ábótavant og það endurspeglast í virkni, mætingu og brottfalli. Enn má greina áhrif faraldursins í skólustarfi þótt þetta ár hafi verið án takmarkanna þá mun það taka tíma að fá fram virkni nemenda í fyrra horf.

Tafla 5. Brotthvarf í dagskóla VMA 2019-2023

Ár	Vor	Haust	Meðaltal
2019	8,8%	7,2%	8,0%
2020	5,11%	9,5%	7,3%
2021	10%	9,6%	9,8%
2022	10,1%	11,7%	10,9%
2023	13,6%	11,2%	12,4%

VMA tekur saman lista með skýringum á brotthvarfi nemenda á hverri önn, flokkun er samkvæmt lista frá MRN. Í töflu 6 má sjá skýringar á brotthvarfi nemenda á árinu 2023.

Tafla 6. Ástæður brotthvarfs úr dagsskóla VMA 2023

Ástæður brotthvarfs 2023	Kyn		Fæðingarár						Móðurmál	
	Karl	Kona	2007	2006	2005	2004	2003	Eldri	Íslenska	Annað
Ytri ástæður										
Vildi fara að vinna	2	2		2	1			1	3	1
Fjárhagsástæður/fátækt										
Flutningar		2		1	1					
Skólinn										
Vísað úr skóla vegna brots á mætingarreglum	19	1	2	2	6	3		8	17	3
Vísað úr skóla vegna brots á skólareglum	1	2			1	1	1		3	
Einelti										
Samskiptaörðugleikar við starfsfólk skóla										
Námið										

Fannst námið tilgangslaust/áhugaleysi	4	1		4			1		5	
Nám of erfitt	2	1		1		1		1	2	1
Persónulegar ástæður										
Veikindi barna										
Líkamleg veikindi		2		1	1				2	
Neysla/meðferð										
Andleg veikindi	5	12		7	2	5	1	2	15	2
Annað (skýringu neðst í skjalinu)	4	1								
Ekki náðist í viðkomandi	10	5	1	3	5	2		4	15	
SAMTALS	47	29	3	21	17	12	4	15	62	7

Annað skýringar: tveir nemendur vildu taka sér pásu frá námi og þrír komu aldrei í skólann.

Brautskráningar

Vorútskrift fór fram í Menningarhúsinu Hofi 26. maí 2023. Anna Birta Þórðardóttir og Kormákur Rögnvaldsson, sem luku námi í hársnyrtiiðn og einnig stúdentsprófi, fluttu í sameiningu ávarp brautskráningarnema. Við brautskráninguna flutti Hafdís Inga Kristjánsdóttir, nýstúdent af félags- og hugvísindabraut, lagið Vinir eftir Elínu Sif Halldórsdóttur og Reyni Snæ Magnússon við undirleik Kristjáns Edelstein. Alls voru 183 nemendur brautskráðir af tuttugu námsleiðum. En þetta er einn stærsti brautskráningarhópur frá upphafi skólans.

Útskriftin í desember fór fram í Hofi 21. desember þar sem 88 nemendur voru brautskráðir. Tvö tónlistaratriði við útskriftina voru í höndum Egil Loga Jónassonar sem útskrifaðist í dag úr rafeindavirkjun. Egill er tónlistar- og myndlistarmaður sem semur, flytur og gefur út eigin tónlist undir listamannsnafninu Drengurinn fengurinn. Ávarp brautskráningarnema flutti Sara Dögg Sigmundsdóttir sjúkraliði og nýstúdent

Í skólanum eru haldin sveinspróf í ýmsum iðngreinum á hverju ári. Í janúar og júní fór fram sveinspróf í húsasmíði, í febrúar var haldið sveinspróf í vélvirkjun og rafvirkjun en sveinspróf í rafvirkjun fór fram einnig í maí. Í desember var sveinspróf í rafeindavirkjun. Í júní fór fram sveinspróf í matreiðslu og framreiðslu en það var í fyrsta skiptið sem sveinspróf í framreiðslu fór fram hér fyrir norðan.



Tekið á móti forsetahjónunum í opinberri heimsókn til Akureyrar 25. ágúst 2023

Stefnumótun, samstarfs- og þróunarverkefni

Námsmat í VMA er í stöðugri þróun. Allir nemendur skólans fá miðannarmat og áhersla á að því fylgi jafnframt skriflegt mat og leiðsögn kennara á gengi nemenda í hverjum áfanga. Námsmatsreglur taka mið af fjölbreyttum kennsluháttum, námsmarkmiðum og hæfni nemenda. Lögð er áhersla á leiðsagnarmat og símat sem gefur nemendum uppbyggilega og hvetjandi leiðsögn og metur vinnuframlag nemenda jafnt og þétt yfir önnina. Nánar má sjá um [námsmatsreglur](#) á heimasíðu skólans.

Gæðakerfið er í stöðugri þróun innan skólans. Á árinu voru endurskoðaðar nokkrar verklagsreglur og lögð áhersla á að einfalda kerfið. Að venju var gæðakerfi skólans tekið út á hverri önn og hefur skólinn fengið staðfestingu á ISO-9001 vottun skólans. Hafa þarf að leiðarljósi að létta gæðakerfið þannig að það taki ekki of mikinn tíma frá kennurum og stjórnendum án þess að það skerði þau gæði sem skólinn stendur fyrir. Nánari samantektir er varða gæðakerfið eru í skýrslum gæðaráðs, [rýni stjórnenda](#) (önn), sem finna má á heimasíðu skólans.

VMA er með **jafnlaunavottun** og vinnur eftir þeim stöðlum sem þar eru settir. VMA hlaut viðurkenningu Jafnréttsvogarinnar 2023.

Öryggismál. Öryggisnefnd skólans ásamt stjórnendum tóku þá ákvörðun að halda ekki rýmingaræfingu vegna sóttvarnarreglna. Öryggisnefnd fundaði reglulega á árinu þar sem rætt var um sóttvarnir og ýmis öryggismál er varða starfsfólk. Enn er unnið að úrbótum úr áhættumati frá árinu 2019 og standa fyrst og fremst eftir verkefni sem eru stór að umfangi og lúta að Ríkiseignum.

Endurskoðun á námsbrautum skólans fór af stað á árinu og verður haldið áfram á næsta ári. Aðalnámskrá býður upp á meiri sveigjanleika en áður og skólar fá tækifæri til að marka sér sérstöðu. Kennarar og stjórnendur hafa því haft tækifæri til að laga námið í skólanum að sérstöðu skólans, nemendahópsins og nærsamfélagsins. Breyting á störfum og innleiðing nýrrar reglugerðar um vinnustaðanáám hefur áhrif á námsbrautir í iðn- og starfsnámi og kalla á endurskoðun námsbrauta. Skólinn hefur skilgreind [lokamarkmið](#) náms við skólann sem birt eru á heimasíðu VMA en heimasíðan er jafnframt skólanámskrá VMA.

VMA tekur þátt í verkefninu **Heilsueflandi framhaldsskóli** undir leiðsögn frá Embætti landlæknis. Verkefnið hefur verið í lægð undanfarin ár bæði innan skólans og innan Embætti landlæknis. Búið er að endurskoða verkefnið og byggja það upp með nýjum hætti með nýjum viðmiðum í stað eldri gátlista. Skólinn mun á árinu 2022 uppfæra verkefnið í samræmi við breytt viðmið og áherslur.

Haldið var VMA-hlaup í lok apríl en hlaupið hafði ekki verið haldið síðan vorið 2019. Sama dag og vorhlaupið var haldið var Opið hús í skólanum.

Hefð er komin fyrir því að **þemavika** tengist inn á markmið HEF og Heimsmarkmiða. Í október var þemavika þar sem áherslan var á að vinna með Heimsmarkmið Sameinuðupjódanna númer 3: Heilsa og vellíðan, númer 5: Jafnrétti kynjanna og númer 16: Friður og réttlæti. Í þemaviku eru kennarar hvattir til að tengja þemu við viðfangsefni áfanga sinna og vinna að þeim með nemendum sínum.

Skólinn tók þátt í **þróunarverkefni** í samstarfi við SÍMEY sem ber yfirskriftina *Skólafærni óskólagenginna erlendra framhaldsskólanema*. Verkefnið naut styrks úr þróunarsjóði innflytjendamála, sem Háskólaasetur Vestfjarða hefur forræði yfir fyrir hönd félags- og vinnumálaráðuneytisins. Af hálfu VMA vann að verkefninu Jóhanna Björk Sveinbjörnsdóttir, verkefnastjóri erlendra nema í skólanum, en af hálfu SÍMEY verkefnastjórnir Kristín Björk Gunnarsdóttir og Sif Jóhannesar Ástudóttir. Verkefninu lauk á vorönn.



Alltaf líf og fjör á öskudaginn í VMA

Samstarf við skóla á NA-landi (SAMNOR). Framhaldsskólinn á Húsavík, Framhaldsskólinn á Laugum, Menntaskólinn á Akureyri, Verkmenntaskólinn á Akureyri og Menntaskólinn á Tröllaskaga hafa síðan árið 2015 unnið saman að ýmsum málum er varða skólastarf á svæðinu. Gerður var samstarfssamningur um ákveðin verkefni skólanna og unnin starfsáætlun á hverju ári. Verkefnastjóri hefur unnið með skólameisturum skólanna og hefur SÍMEY tekið að sér það verkefni. Ingunn H. Bjarnadóttir hefur verið verkefnastjóri hópsins.

Haldnir eru fundir reglulega þar sem skólameistarar bera saman bækur sínar og leggja drög að fyrirliggjandi verkefnum í samræmi við samstarfssamning sinn. Þar má t.d. nefna þróun á námsframboði skólanna, stoðþjónustu þeirra, fjármál, skjalavörslu, gæðamál, skólaskil grunn- og framhaldsskóla og samstarf við grunnskóla á svæðinu um það efni. Einnig má nefna sameiginlega fundi með fulltrúum Háskólans á Akureyri og símenntunarmiðstöðva. Þá hafa sérfræðingar skólanna verið í sambandi um námsframboð, stoðþjónustu, jafnlaunavottun, gæðamál o.fl. Á árinu fundaði SAMNOR t.d. með fræðslustjórum á SSNE svæðinu þar sem rætt var m.a. um skólaskilin, innritunarmál og áætlunina *Byggjum brú* sem er móttökuáætlun fyrir nemendur með annað móðurmál en íslensku. Þessa áætlun hafa aðilar frá SAMNOR og grunnskólunum á svæðinu unnið að saman. Allir SAMNOR skólarnir hafa nú komið á formlegu samstarfi við grunnskólana á svæðinu þar sem áhersla er á að upplýsingar um skólastarf, innritun og stöðu nemenda berist á milli skólastiga í samráði við foreldra nemenda. Stærsta verkefni ársins var gerð kynningarmyndbanda sem SSNE styrkti, annars vegar til að auglýsa Norðurland Eystra sem skólasvæði á framhaldsskólastigi og hins vegar sem stök myndbönd hvers skóla. Kynningarmyndböndin eru stutt en draga með skýrum hætti fram öflugt skólastarf á Norðurlandi eystra. Einnig sýna þau vel sérkenni og styrkleika hvers skóla.

Haustþing starfsfólks framhaldsskólanna á Norðurlandi, þ.e. SAMNOR skólanna ásamt Fjölbrautarskóla Norðurlandsvestra var haldið í lok september. Starfsfólk framhaldsskólanna hittist að morgni í Kvosinni í MA þar sem sameiginleg dagskrá fór fram. Katrín Frímannsdóttir, stefnu- og gæðastjóra Háskóla Íslands, fjallaði frá ýmsum hliðum um tækifæri og ógnir gervigreindar í skólastarfi. Tveir nemendur í MA fjölluðu um gervigreind út frá sjónarhorni nemenda. Petra Ingvadóttir, framkvæmdastjóri Ungra frumkvöðla - JA Iceland, flutti síðan fróðlegt erindi um frumkvöðla og nýsköpun en lengi hafa nemendur í framhaldsskólum víða um land tekið þátt í keppni frumkvöðla sem jafnan er haldin á vorönn. Dagskráin endaði með að uppistandarinn Jakob Birgisson kitlaði hláturtaugar viðstaddra með nokkrum skopsögum. Eftir hádegisverð í Gryfjunni í VMA var gestum haustþingsins skipt á málstofur/faggreinafundum þar sem fjölmörg sameiginleg mál skólanna voru rædd.

Samstarf við grunnskólana á Akureyri. VMA býður upp á samvalsgreinar í vali fyrir 9. og 10. bekk. Á vorönn 2023 voru tveir hópar í rafiðnum, tveir í háriðni, einn í listnámi og þrjár í matreiðslu, alls 81 nemandi. Á haustönn var einn hópur í framreiðslu alls 10 nemendur. Mikil ánægja er með þetta samstarf en markmið þess er að efla áhuga ungs fólks á iðn- og starfsnámi.

Skólinn tók á móti tæplega 500 nemendum úr grunnskólunum á upptökusvæði skólans, aðallega úr 10. bekk, í lok október. Nemendur fá kynningar á náminu í VMA og þau sem koma frá öðrum sveitarfélögum en Akureyri fá að auki kynningu á heimavistinni.



Frá kynningu fyrir grunnskólanemendur

Samstarf við háskóla gæti verið meira. Skólastjórnendur hafa ítrekað óskað eftir því að nemendur í grunn- og framhaldsnámi við Háskólann á Akureyri komi í skólann til að vinna að rannsóknum og lokaverkefnum. Kennaranemar komu á árinu til að taka starfsþjálfun og vettvangsnám, bæði frá kennaradeild HA og menntavísindasviði HÍ. Allt of fáir iðnmeistarar í kennsluréttindanámi hafa komið í skólann á síðustu árum til að taka vettvangsnám við skólann og er það áhyggjuefni upp á framtíðina enda lítið um fyrirspurnir og umsóknir ef auglýst er eftir iðnmeisturum/kennurum í iðn- og tæknigreinum.

Samstarf við símenntunarstofnanir, þá sérstaklega SÍMEY á Akureyri, er mjög gott. Helstu verkefni tengjast raunfærnimati og námskeiðshaldi. Þá er skólinn í góðu samstarfi við Iðuna hvað varðar ýmsa þætti í verklegu námi, námskeið, ferilbók og sveinspróf.

VMA tekur þátt í óformlegu **samstarfi iðn- og starfsnámsskóla**. Fundað var reglulega á fjarfundum þar sem fjallað var um sameiginleg mál er varða nemendur í iðn- og starfsnámi, húsnæðismál, aðstöðu ásamt ferilbókinni og innleiðingu hennar. Þá var mikið rætt um aukna aðsókn í iðn- og starfsnám en hafna þurfti mörgum sem sóttu um í iðn- og starfsnámi á haustönn 2023. Ljóst er að gera þarf miklar breytingar á húsnæði skólanna til að anna þessari auknu aðsókn.

FabLab - stafræn smiðja í Eyjafirði. Árið 2015 var FabEy stofnað um rekstur FabLab-smiðju sem staðsett yrði í VMA. Stofnaðilar FabEy eru VMA, SÍMEY, Nýsköpunarmiðstöð Íslands og Akureyrarbær. FabLab-smiðjan er ætluð

frumkvöðlum, nemendum, almenningi, fyrirtækjum og stofnunum. Smiðjan opnaði á vorönn 2017 og hefur smátt og smátt verið að auka við starfsemi sína. Nemendur VMA sem vinna lokaverkefni við skólann hafa í auknum mæli nýtt sér FabLab ásamt því að hluti af kennslu áfanga í rafiðn, á vélstjórn og listnámsbraut fer fram í FabLab. Smiðjan er rekin með samningum við Mennta- og menningarmálaráðuneytið annars vegar og hins vegar atvinnu- og nýsköpunarráðuneytið. Óskað var eftir nýjum samning við Akureyrarbæ en ekki náðist að klára samning á árinu sem setur rekstur smiðjunnar þröngar skorður. FabEy gefur út ársskýrslu á hverju ári og þar má sjá nánar um starfsemi smiðjunnar.

Priðjudagsfyrirlestrar eru samvinnuverkefni VMA, Listasafnsins á Akureyri og Gilfélagsins. Fyrirlestrarir eru haldnir í Listasafninu á Akureyri og er hluti af námi nemenda á listnámsbraut að sækja fyrirlestrana. Meðal fyrirlesara á árinu voru listahjónin Elfar Logi Hannesson og Marsibil G. Kristjánsdóttir sem fjölluðu um samstarf sitt í leiklistinni, Marta Nordal leikstjóri, Stefán Þór Sæmundsson íslenskukennari og rithöfundur, Magnús Helgason myndlistarmaður, Zoe Chronis myndlistarkona og arkitektinn og myndskreytarinn Rainer Fischer.

Öflugt **samstarf er við ýmis fyrirtæki og stofnanir** í nærumhverfi skólans. Nemendur í almennu starfsnámi hafa fengið starfsþjálfunarpláss innan margvíslegra fyrirtækja og stofnana og þá eru á hverjum tíma nemendur á samningi hjá ýmsum iðnfyrirtækjum og meisturum. Þá taka ýmis fyrirtæki og stofnanir á móti nemendahópum og halda kynningar á starfsemi sinni. Í febrúar var haldinn súpufundur með iðnmeisturum og fulltrúum iðnfyrirtækja á svæðinu. Efni fundarins var samstarf atvinnulífs og framhaldsskóla, vinnustaðanám í iðngreinum og hlutverk framhaldsskólanna, skráningu þeirra fyrirtækja á birtingalista sem bjóða nemum vinnustaðanám og rafrænar ferilbækur í iðngreinum. Framsögu á fundinum höfðu Ólafur Jónsson, forstöðumaður Nemastofu atvinnulífsins, og Anna María Jónsdóttir, sviðsstjóri verknáms í VMA.

Gjafir til skólans

Skólanum bárust ýmsar gjafir á árinu og er það afar mikilvægt að finna fyrir þeim velvilja sem skólinn hefur úti í atvinnulífinu og í nærsamfélaginu. Hér verður gerð grein fyrir þessum gjöfum en þetta er ekki tæmandi listi yfir þær gjafir sem skólinn hefur fengið á árinu. Á útskriftum gefa fyrirtæki og stéttarfélög megnið af þeim verðlaunum sem nemendur fá fyrir árangur í hinum ýmsu greinum.

Tengi ehf og *Danfoss* sem eru fyrirtæki sem tengjast pípulagnageiranum, færðu skólanum góðar gjafir sem nýttast vel í kennslu nemenda í pípulögnum. *Tengi ehf.* færði skólanum annars vegar pressuvél og hins vegar röraútvíkkara. *Danfoss* gaf hitunarbúnað – þ.m.t. varmaskipti, fittings o.fl.

Verkfærasalan færðu byggingadeild að gjöf Milwaukee rafverkfæri að verðmæti á aðra milljón króna. Einnig komu þeir með ótal handverkfæri sem VMA keypti af

Verkfærasölunni á góðum kjörum. Öll munu þessi nýju verkfæri nýtast vel fyrir nemendur og kennara í pípulögnum sem og í húsasmíði.

Fyrirtækið *Polynorth* á Akureyri færði byggingadeild VMA að gjöf frauðkubba til þess að nota við að steypa undirstöður undir sumarhúsið sem nemendur í byggingadeild reistu á skólaárinu.

Fyrirtækin *Byko*, *Hagi* og *Byggið*n ásamt VMA styrkja nemendur í byggingdeild um persónuhlífar og þann hlífðar- og öryggisfatnað sem námið gerir kröfur um. Fyrirtækin hafa útbúið sérstakan fata- og öryggisþakka fyrir nemendur sem fyrirtækin greiða niður og nemendur geta keypt á mjög góðu verði. Í þeim þakka sem samstarfið tekur til eru hjálmur, öryggisgleraugu, heyrnahlífar, öryggisskór, hanskar, smíðavesti, smíðabuxur og bolur.

Félag málmíðnaðarmanna, *Félag vélstjóra* og *málmtæknimanna* og *Félag iðn- og tæknigreina* gáfu öllum nemendum í grunndeild málmíðna vinnugalla. Hefð er komin á þessa gjöf sem styrkir tengslin á milli nemenda við framtíðar stéttarfélag sín.

Útgerð *Hafborgar EA 152* færði málmíðnbrautinni tvo nýja Makita slípirokka sem munu nýtast vel í kennslunni.

Í september var öllum nemendum í grunndeild rafiðna færðar að gjöf vinnubuxur frá *Rafmennt*. Kennarar í rafiðngreinum og Rafmennt hafa lengi átt í góðu samstarfi um gerð kennsluefnis. Meðal annars hefur Rafmennt unnið að því að þýða og staðfæra app fyrir rafvirkja og einnig er unnið að því, að frumkvæði rafiðnbrautar VMA, að þýða texta apps sem hugsað er til þess að kenna nemendum hugtök í rafiðngreinum yfir m.a. verkfæri og efni.

Í desember komu starfsmenn frá *Johan Rönning* á Akureyri, færandi hendi í VMA og afhentu með formlegum hætti töfluefni, sem nýttist nemendum á annarri önn í grunndeild rafiðna við uppsetningu á raftöflum og tengingar við hana.

Pólsku sendiherrahjónin á Íslandi, Gerard Pokruszyński og Margherita Bacigalupo Pokruszainska, komu færandi hendi á bókasafn VMA í september og færðu skólanum að gjöf nokkrar pólskar bækur sem hugsaðar eru til lesturs fyrir pólska nemendur í VMA.

Í janúar kom *Þorsteinn Geirharðsson* arkitekt í heimsókn og færði skólanum ýmis gögn sem faðir hans Geirharður Þorsteinsson, hafði haldið til haga og geymt á vísun stað. Um er að ræða vinnugögn sem tengjast hönnun og byggingu Verkmenntaskólans á sínum tíma. Geirharður lést árið 2017. Þorsteinn þekkir líka mjög vel til húsakynna VMA enda starfaði hann um tíma með föður sínum og tók síðan við keflinu og teiknaði nýjustu álmur skólans. VMA var stærsta verk Geirharðs á hans starfsferli.

Í samstarfi við Adam Óskarsson fyrrverandi kennara og kerfisstjóra VMA færði skólinn tæplega 100 borðtölvur og tölvubúnað inn í þróunarverkefni sem Adam

hefur tekið þátt tekið þátt í í Búrkina Fasó. Búnaðurinn sem var búið að skipta út fyrir fartölvur í VMA á síðasta ári, nýttist áfram í skólastarfi í þorpi í Búrkina Fasó.



Verðlaunaafhending á Íslandsmóti iðnnema í hárið. Kormákur Rögnvaldsson VMA í öðru sæti í fantasíugeiðslu.

Erlent samstarf

Verkmenntaskólinn á Akureyri leitast við að taka þátt í alþjóðlegu samstarfi í þeim tilgangi að læra af öðrum og miðla þekkingu og reynslu. Skólinn leggur áherslu á að veita nemendum og starfsfólki tækifæri til að kynnst námi og starfi erlendis og með því mögulega leggja grunninn að frekara samstarfi eða námi síðar. Á þeim vettvangi standa skólanum til boða ýmsir kostir sem grundvallaðir eru með styrkjum úr Erasmus plus og Nordplus áætlunum, auk þess sem Uppbyggingarsjóður EES rekur eitt verkefnið. Þá fær skólinn heimsóknir á hverju ári frá erlendum, skólum og stofnunum og eru slíkar heimsóknir oft nýttar til að styrkja erlent tengslanet skólans. Erlend samskipti gengu almennt vel fyrir sig og á árinu 2023 var VMA þátttakandi í 11 erlendum verkefnum; 7 sem styrkt eru af Erasmus+, 3 sem styrkt eru af Nordplus og 1 sem fjármagnað er af uppbyggingarsjóði EES.

- **AppREUnance (2021-2023)** fjallar aðallega um það við hvaða aðstæður starfsnám fer fram. Við lærum ekki öll eins, nemendum er hjálpað við að átta sig á því hvernig þau læra og hvaða aðstæður henta þeim best. Unnið er með hugtök eins og „learnance“ sem hefur verið þýtt á íslensku sem lærdómsstaður eða lærdómsaðstæður. Árið 2023 lauk verkefninu með

fundi í Slóveníu. Alls voru haldnir voru þrjú fundir á árinu með þátttöku fjögurra kennara ásamt því að skólameistari tók þátt í lokafundinum.

- **DigitalVET4all (2021-2023)** er verkefni sem miðar að því að skapa rafrænan vettvang fyrir verknámskennara í Evrópu til að deila upplýsingum um kennsluaðferðir sem byggja á upplýsingatækni og sýndarveruleika. Markmiðið er að nýta vettvanginn til að prófa sig áfram með nýstárlegar stafrænar lausnir í verknámi og deila reynslu sín á milli. Verkefninu er stýrt af Omnia í Finnlandi en aðrir samstarfsaðilar í verkefninu eru; Vamia í Finnlandi, Danmar Computers í Póllandi, ATEC í Portúgal, Samiedu Finnlandi, RBZ am Schützenpark, SŠGT Slóveníu, KAK í Eistlandi og Verkmenntaskólinn á Akureyri. Tveir kennarar af rafdeild tóku þátt í verkefninu fyrir hönd skólans á árinu og var lokafundur haldinn í Eistlandi í lok árs 2023.
- **ELECTROECO-TEAM (2021- 2023)** er Erasmus+ samstarfsverkefni sex skóla sem kenna rafiðn; Verkmenntaskólans á Akureyri, IES Santa Lucía á Kanaríeyjum, BMSZC Egresy Gábor Két Tanítási Nyelvű Technikum Í Búdapest Ungverjalandi, ITÜ í Istanbúl Tyrklandi, Agora í Roermond Hollandi og Solski Center í Celje Slóveníu. Þetta umfangsmikla Evrópuverkefni í rafiðngreinum hófst í lok árs 2021 og hefur VMA stýrt þessu verkefni. Þá hittust fulltrúar þátttökuskólanna í Slóveníu, en í mars 2022 var fyrsti fundur með nemendum í Istanbúl í Tyrklandi. Verkmenntaskólinn á Akureyri tók á móti fulltrúum hinna skólanna í maí 2022. Þá hafa skólarnir einnig hist á Kanaríeyjum, í Hollandi og Ungverjalandi. Síðasti fundur verkefnisins var haldinn í október 2023 í Celje í Slóveníu. Í Elecoteam verkefninu glíma nemendur og kennarar við hinar ýmsu úrlausnir í rafiðngreinum og í því sambandi er ekki síst horft til umhverfismála. Í þessu verkefni hefur safnast mikil þekking og reynsla á einn stað og á það jafnt við um kennara og nemendur þátttökuskólanna. Skapast hafa mjög góð tengsl innan skólans sem við aðra þátttökuskóla, og ómetanlegt hefur verið að fá tækifæri til að kynna ólíkum skólum og áherslum þeirra í kennslu og skólastarfi. Í desember 2023 var lokaskýrslu skilað. Undir lok verkefnis var Elecoteam valið fyrirmyndarverkefni Erasmus+ sem er mikill heiður fyrir nemendur og kennara sem tóku þátt í verkefninu.
- **VET 4 Change (2020-2022)** - Í þessu verkefni er leitast við að þróa aðferðir til að koma á betra samtali milli verknámsskóla og aðila sem koma að stefnumótun um byggðapróun. Verkefninu er enn fremur ætlað að gera þessum aðilum kleift að greina betur þarfir nærsamfélagsins þegar kemur að menntun. Þátttakendur í verkefninu auk VMA eru; MFR Grand Est Frakklandi, Breza Króatíu, BSC Slóveníu, IFOCAP Frakklandi, Inter Mondes Belgíu, Leader Union Eistlandi og GAL Cluj Napoca Rúmeníu. Verkefninu lauk með ráðstefnu í maí sem fram fór í VMA. Alls voru 27 þátttakendur á ráðstefnunni, kennarar/starfsmenn menntastofnanna frá Frakklandi, Belgíu, Rúmeníu, Eistlandi, Slóveníu og Króatíu. Þá var ýmsum

aðilum úr atvinnulífinu og sveitarstjórn boðið að taka þátt í einni vinnustofu þar sem rætt var um starfsþjálfun úti í samfélaginu. Verkefninu lauk á árinu.

- **BlendVET (2021-2025)** er fjármagnað af uppbyggingarsjóði EES og er samstarfsverkefni þriggja landa; Íslands, Slóveníu og Noregs. Meginviðfangsefni BlendVET er að efla stafræna færni og þróa kennslufræðilegar lausnir til að innleiða blandað nám á verknámsbrautum. Verkefnið byggir á samstarfi milli verknámsskóla og háskóla í hverju landi fyrir sig og eru Háskólinn á Akureyri og Verkmenntaskólinn á Akureyri fulltrúar Íslands í verkefninu. Kennarar á byggingadeild, hársnyrtibraut og í listnámi taka þátt í verkefninu fyrir hönd VMA. Afurðir verkefnisins komust langt á árinu. Byggingadeild bjó til 360° rafræna kennslustofu, þar sem hægt er að ganga um stofuna og skoða hvernig vélbúnaður virkar og hægt er að skoða öryggismál með myndböndum. Listnámsbraut bjó annars vegar til myndbönd um uppsetningu í íslenska vefstólinn, og um notkun Fab-Lab í kennslu. Hárgreiðslubrautin útbjó myndbönd sem má nota fyrir verklega heimavinnu hársnyrtinema. Haldinn var einn vinnufundur í Slóveníu með þátttöku allra sex kennaranna sem koma að verkefninu. Á milli stafunda í verkefninu eru haldnir fjarfundir og kennarar vinna að verkefnum.
- **KlimaAngst – Nordisk vennskap for å møte unges klimaangst - et nordisk språkprosjekt (2023-2025)**. Þátttakendur í verkefninu eru skólar í Danmörku, Noregi, Færeyjum, Svíþjóð ásamt VMA. Verkefnið snýst um loftslagsmál og vinna með nemendum að þessum málum svo þau átti sig á áhrifum mannsins á náttúruna og hvernig lofslagsmál hafa áhrif á þeirra nærumhverfi. Þetta verður gert með fyrirlestrum, vinnustofum, skoðunarferðum o.fl., auk þess sem ætlunin er að kynna fyrir nemendum hvernig rithöfundar, listamenn, fjölmiðlar, vísindi o.s.frv. lýsa áhyggjum af stöðu loftslagsmála í heiminum. Þeir fá að koma á framfæri hugmyndum sínum í gegnum tungumál, skapandi verkefni o.fl. Nemendur fá einnig tækifæri til þess að deila reynslu sinni og kynnast reynslu annarra þjóða. Ætlunin er að kennarar landanna heimsækja hvern annan á þriggja ára tímabili, deila reynslu sinni og nemenda sinna með gestgjöfum. Hjá okkur í VMA er ætlunin að nýta verkefnið í kennslu í dönsku og íslensku. Tveir fundur voru haldnir á árinu og fór Snorri Björnsson íslenskukennari til Færeyja og Annette deVink dönskukennari til Svíþjóðar.
- **FING verkefnið**. Í meira en áratug hefur VMA átt í góðu samstarfi við skóla í Noregi, Færeyjum og á Grænlandi – samstarfið hefur verið kallað FING – sem eru upphafsstafir landanna. Verkefnið nýtur stuðnings Nordplus - menntaáætlunar norrænu ráðherranefndarinnar. Hinir þrjú skólarnir í þessu FING-verkefni eru Vinnuhaskulin í Þórhöfn í Færeyjum, Fagskolen Rogaland í Stavanger í Noregi og Arctic Technology/KTI rástofskolen í Sisimiut á Grænlandi. Áhersla FING í þessu verkefni er á sjálfbærni og grænar lausnir í orkumálum og að gera samnorræna

kennsluhandbók í grænum fræðum fyrir verkgreinakennara þar sem áhersla er lögð á að innleiða umhverfisvænni leiðir í kennslu og huga enn betur að sjálfbærni t.d. í vélstjórn. Á árinu fóru Hanna Þórey Guðmundsdóttir og Sævar Páll Stefánsson á fund í Amsterdam þar sem unnið var að verkefninu.



Þátttakendur í BlendVET verkefninu á fundi í Slóveníu

- **Nám og þjálfun - (mobility styrkir).** Tveir sjúkraliðanemendur á öðru ári héldu til Randers í Danmörku í gegnum samstarf við SOSU Randers skólann þar í bæ. Í 3 vikur bjuggu þær á Tradium heimavist og störfuðu á öldrunarheimili annars vegar og í heimaþjónustu aldraðra hins vegar. Útskriftarhópur í hárið, alls 10 nemendur ásamt tveimur kennurum, hélt utan til Malaga á Spáni til að heimsækja Grupo Nebro og El Palo skólana – og kynnst meðal annars umhverfisvænni hárið. Þetta var í þriðja skipti sem farið er með útskriftarhóp á námskeið á þessum stöðum. Nemandi í framreiðslu á öðru ári fór til Frakklands að vinna á fjölskylduveitingastað í fimm vikur. Tengslin urðu óvænt til eftir starfsspeglunarheimsókn franskra bókmenntakennara sem komu í VMA í september 2022. Nemandinn bjó heima hjá einum kennara utan við Roulliac, lítið þorp við Cognac í Frakklandi.

Mikið er um fyrirspurnir til VMA um þátttöku í erlendu samstarfi og þarf skólinn að vísa frá fjölmörgum beiðnum um samstarfsverkefni. Á hverju ári tekur skólinn á móti gestum utan þeirra heimsókna sem eru innan þeirra verkefna sem eru í gangi á hverjum tíma. Almanaksárið 2023 sendi VMA 37 starfsmenn og 25 nemendur, alls 62 manns í ferðir erlendis á styrkjum frá Erasmus+, Nordplus og uppbyggingarsjóði EES, auk beinna styrkja frá Rannís. Fulltrúar VMA fóru til alls 13 landa, Danmerkur, Svíþjóðar, Noregs, Færeyja, Hollands, Belgíu, Írlands, Þýskalands, Eistlands, Slóveníu, Frakklands, Spánar og Ungverjalands. Þá tók VMA á móti 44 kennurum og 10 nemendum í sambærilegum erindagjörðum, alls 54. Þá eru aðrar óformlegar heimsóknir

hingað og erlendis ótaldar sem farnar eru utan þessara verkefna. VMA tók á móti starfsfólki og nemendum frá 11 löndum. Danmörku, Finnlandi, Þýskalandi, Hollandi, Króatíu, Slóveníu, Eistlandi, Rúmeníu, Belgíu, Frakklandi og Spáni. Nánar má sjá um erlent samstarf og samstarfsverkefni á [heimasíðu skólans](#).

Einn AFS skiptinemi frá Belgíu var í VMA á vorönn.

Sjálfsmat og eftirfylgni

Lögð er áhersla á að markmið séu sett á ýmsum sviðum skólastarfsins. Þessi markmið eru mælanleg og gerðar eru reglulega kannanir meðal nemenda og starfsmanna í því skyni að geta séð hvort settum markmiðum hefur verið náð. Helstu þættir sjálfsmats og eftirfylgninnar eru:

- **Kennslu- og áfangamat:** Nemendur meta kennsluna, aðstöðuna og námsefnið. Matið er lagt til grundvallar í starfsmannaviðtölum, samantekt á niðurstöðum birtar á heimasíðu og í skýrslu um rýni stjórnenda eftir hverja önn. Niðurstöður [kennslu- og áfangamats ársins](#) eru birtar á heimasíðu skólans. Kennarar hafa allir fengið niðurstöður úr könnunum ársins.
Framvindumat: Kennarar meta hvernig kennslan gengur í hverjum áfanga og hvort þeir fylgi þeirri námsáætlun sem lagt var upp með. Matið er framkvæmt í lok hverrar annar og niðurstöður birtar í [rýni stjórnenda](#) sem finna má á heimasíðu skólans.
- **Áfangaskýrslur:** Kennarar gera skýrslur um hvern áfanga í lok annar. Skoðaður er árangur nemenda, hvernig áfanginn gekk og hvað má betur fara. Jafnframt kemur fram hvort einhverju hafi verið ábótavant í kennslunni. Niðurstöður eru ræddar á gæðaráðsfundum, mál sett í vinnslu og þeim vísað áfram til ábyrgðaraðila.
- **Þjónustukönnun:** Þjónustukönnun VMA er gerð á 2ja ára fresti þar sem nemendur eru spurðir álits á ýmsum þáttum í skólastarfinu öðrum en kennslu. Viðhorf nemenda til þjónustu skólans er mikilvægt innlegg í þróun skólastarfsins og er það sameiginlegt verkefni nemenda, kennara og stjórnenda VMA að stuðla að þróun og umbótum í skólastarfi. Niðurstöður þessarar könnunar er innlegg í þá þróun og umbætur sem unnið er að og samkvæmt gæðakerfi skólans. Könnun var síðast lögð fram á [haustönn 2022](#) og fór fram í gegnum Innu. . Allir nemendur í dagskóla, alls 876, fengu tölvupóst þar sem þeim var boðið að taka þátt í könnuninni. Könnunin var opin frá 11.10 til 25.10 og 268 nemendur svöruðu könnuninni, eða 31%. Samkvæmt gæðamarkmiðum VMA er stefnt að því að 90% nemenda svari spurningunni: *Ég tel að námið í VMA undirbúi mig vel fyrir frekara nám eða starf* með því að svara frekar sammála eða mjög sammála. Í þjónustukönnun á haustönn 2022 svara 33% mjög sammála og 58% frekar sammála eða alls 91% nemenda svara spurningunni mjög eða frekar

sammála. Samkvæmt gæðamarkmiðum VMA er stefnt að því að 90% nemenda svari spurningunni: *Í skólanum líður mér vel* með því að svara næstum alltaf eða oftast. Í þjónustukönnun á haustönn 2022 svara 27% mjög sammála og 55% frekar sammála. Alls svara 82% nemenda spurningunni næstum alltaf eða oftast. Markmið varðandi líðan næst ekki. Vandasamt er að finna skýringu á þessu eða viðbrögð. Almenn virðist líðan eftir faraldur vera heldur slæm. Spyrja þarf spurningarinnar aftur til að bera saman, hvort þetta er skýrist af tilviljun, ytri aðstæðum eða hvort breytingar til hins verra hafi orðið í skólastarfinu. Næsta þjónustukönnun fer fram haustið 2024.

- **Stofnun ársins:** Frá árinu 2016 hefur *Stofnun ársins* verið notuð sem hluti af innra mati skólans og sem starfsmanna- og stjórnendakönnun. Könnunin fór fram í nóvember 2023 og [niðurstöður](#) birtar í febrúar 2024. Farið var yfir niðurstöður VMA á starfsmannafundi í mars 2024. Í könnuninni er spurningum og niðurstöðum skipt niður í níu þætti: Stjórnun, starfsandi, launakjör, vinnuskilyrði, sveigjanleiki vinnu, sjálfstæði í starfi, ímynd stofnunar, ánægja og stolt og jafnrétti. Vægi þáttanna í heildareinkunn ákvarðast af þáttgreiningunni en stofnunum er síðan raðað eftir heildareinkunninni. Í VMA var svarhlutfallið 79% (82 sem svara) og fékk einkunnina 4,07 sem setti skólann í 16. sæti af 45 yfir stofnanir með fleiri en 90 starfsmenn. Skólinn bætti sig í öllum flokkum könnunarinnar. Mest er ánægjan með samstarfsfólk og líðan en mest er óánægjan með t.d. loftgæði, hljóðvist og lýsingu. Spurningar sem mæla gæðamarkmið skólans eru í þessari könnun. Gæðamarkmiðum varðandi ánægju starfsmanna er náð á önninni. Hins vegar nær skólinn ekki markmiðum varðandi aðbúnað, enn verið er að vinna að því að bæta aðstöðu skólans og verður það meðal annars gert með stækkun húsnæðis framtíðinni.
- **Innri úttektir:** Allar verklagsreglur gæðakerfisins og/eða einstaka hlutar gæðakerfisins eru teknir út árlega. Niðurstöður innri úttekta eru teknar fyrir á gæðaráðsfundi, mál sett í vinnslu og þeim vísað áfram til ábyrgðaraðila. Gerð er grein fyrir samantekt innri úttekta í skýrslunni *Rýni stjórnenda* sem gerð er eftir hverja önn.
- **Ytra mat:** Úttektarmaður frá Vottun ehf tekur út á hverri önn hvort skólinn sé að vinna eftir gæðakerfinu og uppfylli þá þætti sem þarf til að viðhalda vottuninni. Skólinn er með allt dagskólanám vottað.
- **Ytri úttekt MRN** fór síðast fram árið 2018 og má sjá niðurstöður úttektarinnar í skýrslu sem birt hefur verið á [vef MRN](#).
- **Frábrigði, ábendingar og kvartanir:** Allir þættir náms og kennslu eru stöðugt undir eftirliti gæðakerfis. Allir sem koma að kennslu og námi í skólanum hafa leiðir til að koma á framfæri tilkynningum á frábrigðum, ábendingum eða kvörtunum sem fram kunna að koma í starfsemi skólans. Þannig er hægt að skoða þessi tilvik með tilliti til þess hvort unnt er að gera úrbætur og tryggt að stöðugar umbætur séu framkvæmdar á allri starfsemi

skólans. Allar tilkynningar eru skráðar og teknar fyrir á gæðaráðsfundum og gerð grein fyrir þeim í rýni stjórnenda fyrir hverja önn. [Skýrslur um innra mat](#) í VMA má nálgast á vef skólans.

Rekstur

Yfirlit um afkomu ársins 2023

	Skýr	2023	2022
Tekjur			
Tekjufærsla fjárveitinga	2	2.397.960.143	2.145.762.883
Aðrar tekjur		16.967.010	16.614.189
Seld þjónusta	3	41.430.263	37.323.058
Vörusala		13.385.423	13.545.864
Framlög og ýmsar tekjur	4	61.436.306	44.397.605
Vaxtatekjur, verðbætur og gengishagnaður		(430.354)	272.264
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára	2	24.701.185	23.386.341
Tekjur samtals		2.555.449.976	2.281.302.204
Gjöld			
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður	5	1.935.271.882	1.671.295.902
Annar rekstrarkostnaður	6	669.619.648	617.625.308
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap		47	550
Afskriftir og niðurfærslur	7	24.701.185	23.386.341
Gjöld samtals		2.629.592.762	2.312.308.101
Afkoma ársins		(74.142.786)	(31.005.897)

Á árinu 2023 var ársveltan kr. 2.555,4 milljónir og afkoma kr. -74,1 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. -115,8 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 139,6 milljónir. Starfsemin á árinu 2023 byggir á heimildum í fjárlögum og fjáráukalögum fyrir árið 2023. Undanfarin ár hafa verið skólanum fjárhagslega erfið og árið 2023 var engin undantekning. Skólinn var í skuld við Ríkissjóð allt árið og því nánast ekkert hægt að kaupa annað en nauðsynlegustu aðföng til kennslu og allar sértekjur notaðar í rekstur og dugði ekki til. Skólastjórnendur hafa leitað allra leiða til að greina fjárhagsvandann en erfitt að ráða við stærsta þáttinn sem eru laun starfsfólks og kostnaður á rekstri húsnæðis. Er það skoðun stjórnenda að einhvers staðar sé ekki rétt gefið í gegnum reiknilíkan framhaldsskóla til skóla eins og VMA með því námsframboði og þeim nemendahópi sem er í VMA. Fjárhagsleg staða skólans kemur niður á öllu skólastarfi og gerir allan samanburð um skólastarf og skóla erfiðari.

Hátt hlutfall rekstrarfjár skólans fer í að greiða laun og reka húsnæðið. Þó svo að í reiknilíkani sé gert ráð fyrir ákveðinni hlutfallstölu í þágu kaupa á búnaði og tækjum hefur á undanförunum árum ekki verið neinn afgangur til þess að fjármagna nauðsynlega endurnýjun. Það er orðin mikil uppsöfnuð þörf fyrir innkaup á tækjum og búnaði sem bitnar á starfs- og námsaðstæðum fyrir starfsfólk og nemendur.

Húsnæði

VMA er starfræktur í um 14,584 fermetra húsnæði að Hringteigi 2 á Akureyri. Um 80 kennslustofur eru í skólanum, líkamsræktarsalur, samkomusalir (Gryfja og M01) og skólabókasafn. Vinnurými og kaffistofa eru fyrir kennara í A-álmum og inni á einstaka brautum og álmum. Mötuneyti er í skólanum fyrir nemendur sem starfsfólk hefur einnig aðgang að en jafnframt er boðið upp á hádegishlaðborð í mötuneyti starfsfólks. Rekstur mötuneytis hefur verið á vegum Mötuneytis Menntaskólans á Akureyri frá vorönn 2023.

Skólinn leigir húsnæði Íþróttahallarinnar á Akureyri til íþróttakennslu en mjög er þrengt að húsnæði sem skólinn getur nýtt til íþróttakennslu þar sem tímum sem skólinn fær aðgang að í Íþróttahöllinni hefur fækkað. Einungis kennslustundir sem tilheyra Íþrótt- og lýðheilsubraut eru kenndar í Íþróttahöllinni. Að öðru leiti fer kennslan fram í aðstöðu VMA og í formi útikennslu.

Á árinu var farið í breytingar á muna og slípi kompu á málmsmíðabraut. Básastofa í rafiðn, sem staðsett er í kjallara var endurnýjuð. Endurnýjun á ljósum í húsnæði skólans eru í gangi þar sem skipt er yfir í ledlýsingu í rýmum skólans. Á árinu var skipt um í D-álmum. Í lok árs 2022 fór fram reglubundin skoðun Vinnueftirlitsins á skólanum og skýrslu skilað í byrjun ársins 2023. Úttektin kom almennt nokkuð vel út en alvarlegustu athugasemdirnar gerðar vegna hljóðvistar og þá aðallega vegna þess hve hljóðbært er á milli ýmissa rýma í skólanum þar sem fara fram trúnaðarsamtöl s.s. samtöl við nemendur og starfsmannasamtöl. Þeim athugasemdum hefur verið komið á framfæri við Framkvæmdasýsluna - Ríkiseignir.

Unnin er viðhaldsáætlun fyrir húsnæði skólans og send til FSRE í lok hvers árs en sú stofnun sér um allt viðhald húsnæðisins.

Mannauður og starfsmannamál

Á haustönn 2023 voru 154 starfsmenn í um það bil 140 stöðugildum. Kennarar eru 115 og þar af eru átta í stundakennslu. Allir kennarar við skólann eru með kennsluréttindi fyrir utan þrjá leiðbeinendur í starfsnámi auk eins stundakennara í bóknámi. Á árinu voru ígildi um 5,2 stöðugilda vegna kennsluafsláttar og mun þeim fara fjölgandi á næstu árum sem ná afslætti. Kynjahlutfall allra starfsmanna er nær jafnt. Í yfirstjórn skólans eru skólameistari, aðstoðarskólameistari, áfangastjóri ásamt þremur sviðsstjórum og rekstar- og fjármálastjóra. Auk þeirra starfa við stjórnun, gæða- og verkefnastjóri, forstöðumaður bókasafns og mannauðstjóri en allir þessir stjórnendur eru í fullu starfi. Þá eru 10 brautarstjórar og níu fagstjórar í hlutastörfum. Við nemendapjónustu starfa námsráðgjafar (í 1,75 stöðu), sálfræðingur (75% staða), viðburðastjóri (50%), forvarnarfulltrúi og skólahjúkrunarfræðingur sem frá haustinu 2022 er starfsmaður Heilbrigðisstofnunar Norðurlands. Aðrir starfsmenn eru; bókhalds- og þjónustufulltrúi, starfsmaður á bókasafni sem jafnframt sér um erlend samskipti,

tveir umsjónarmenn fasteigna, átta þjónustuliðar, níu stuðningsfulltrúar og verkefnastjóri með tölvumálum skólans í hálfu starfi. Formlegar starfslýsingar eru í gæðahandbók fyrir öll störf í skólanum en margar starfslýsingar eru í endurskoðun. Á vorönn 2023 voru tveir kennarar í námsleyfi. Á haustönn voru tveir kennarar í námsleyfi.



Málþing um hlutverk VMA í nærsamfélaginu var haldið í mars

Allir starfsmenn eru boðaðir í starfsmannasamtal á tveggja ára fresti.

Félagslíf starfsfólks hefur verið öflugt á árinu. Haldin voru ýmis skemmtikvöld, árshátíð haldin á Selhótelu við Mývatn í byrjun árs og farið til Kaupmannahafnar í skólaheimsóknir í lok maí. Starfsfólk hefur aðstoðu til að stunda líkamsrækt í íþróttaaðstöðu skólans - hefur íþróttfélagið Haukurinn haldið utan um það starf - og Fraukur hittast við hannyrðir.

Í október, á Alþjóða degi kennara var Haukur Eiríksson, kennari og brautarstjóri við rafiðndeild VMA, tilnefndur til Íslensku menntaverðlaunanna 2023 í flokknum Framúrskarandi iðn- eða verkmenntun. Haukur var tilnefndur til verðlaunanna fyrir að leiða þróun rafiðnnáms í VMA með áherslu á farsæld nemenda og stöðugar umbætur í námi og kennslu.

Félagslíf nemenda

Félagslíf nemenda komst í fastar skorður á árinu eftir áhrif heimsfaraldurs síðustu ára. Nemendafélagið Þórduna hélt nokkra gleðidaga þar sem nemendum eru færð ýmis góðgæti í upphafi skóladags.

Leikfélag nemenda setti upp gamanleikinn Bót og betrun við miklar vinsældir og sýndar alls sex sýningar í Gryfjunni.

Brynja Rán Eiðsdóttir var fulltrúi VMA í Söngkeppni framhaldsskólanna sem haldin var í Reykjavík í lok mars.



Brynja Rán sigurvegari Sturtuhausins 2023 og fulltrúi VMA í Söngkeppni framhaldsskólanna

Árshátíð nemenda var haldin í mars í Sjallanum. Frá fyrstu mínútu var mikil og góð stemning og fólk skemmti sér hið besta. Allir sem að komu og lögðu hönd á plóg eiga skilið mikið hrós. Sérstakt hrós til stjórnar Þórdunu, sem báru hitann og þungann við skipulagningu hátíðarinnar, og að sjálfsögðu framreiðslunemanna og kennara þeirra. Framreiðslunemarnir í 2. og 3. bekk í náminu sáu um framreiðslu á hátíðinni og þjónustan var fyrsta flokks. Fyrrum nemandi VMA og tónlistar- og útvarpskonan Vala Eiríks sá um veislustjórn og um skemmtun á ballinu sáu Dj Our Psych, Sprite Zero Klan, Herra Hnetusmjör og Páll Óskar.

Átta nemendur frá VMA tóku þátt í Stórþingi ungmenna í Hofi í byrjun mars. Tilgangur fundarins er að gefa börnum og ungmönnum tækifæri til þess að koma hugmyndum sínum og sjónarmiðum um það sem á þeim brennur á framfæri. Um framkvæmd þingsins sá Ungmennaráð Akureyrar en í því sitja m.a. þrír nemendur VMA.

Nemendur á listnámsbraut fóru í menningar- og fræðsluferð til höfuðborgarinnar í mars. Fyrst lá leiðin í Tækniskólann þar sem nemendur fengu kynningu á fataiðn, silfur-/gullsmíði, stafrænni hönnun og grafískri miðlun. Síðan lá leiðin í Ásmundarsafn og eftir hádegi var Listaháskólinn sóttur heim. Þá var Myndlistaskólann í Reykjavík heimsóttur, Hafnarhúsið, Kvikmyndaskólinn og á leið út úr bænum var kíkt á Korpúlfsstaði og skoðuð sýning Þórs Vigfússonar, Rúriar og Níelsar Hafstein. Rúrí og Þór voru á staðnum og leiddu VMA-nemendur og kennara í gegnum sýninguna.

Í apríl tóku nemendur á starfsbraut VMA þátt í hæfileikakeppni starfsbrauta sem haldin var í Tækniskólanum í Reykjavík. Hópur nemenda ásamt starfsfólki fór með stuttmynd í keppnina fyrir hönd skólans. Haft var á orði að aldrei áður hafi hæfileikakeppni starfsbrauta framhaldsskólanna verið svo vel sótt. Ekki þarf að orðlengja það að fullt var út úr dyrum og stemningin var ósvikin. Flutt voru þrettán atriði frá jafnmörgum skólum og voru þau af ýmsum toga - söngur, dans, stuttmyndir, bardagalistir o.fl. Allt frábærlega skemmtileg atriði og áhrifamikil.



Þátttakendur VMA á Hæfileikakeppni starfsbrauta 2023

Nýnemadagar voru á Hólavatni í ágúst en þar sjá eldri nemendur um dagskrá dagsins. Nýnemum er skipt niður í tvo hópa og farið er sitthvorn daginn. Farið í leiki, grillaðir hamborgar og sultað í Hólavatni. Markmið þessara daga er að nýnemar á hinum mismunandi brautum skólans kynnist sín á milli. Lokapunktur í móttöku nýnema er nýnemaballið sem haldið var í Sjallanum þar sem nemendur skemmtu sér og dönsuðu fram á nótt með fjölbreyttum hópi listamanna sem komu fram. Á haustönn setti leikfélag nemenda upp Hryllingshús á Hrekkjavöku og er húsið orðið fastur liður í starfsemi leikfélagsins. Gestum er fylgt í gegnum húsið af sögumanni þar sem draugar og aðrar verur eru á svimi gestum til mismikillar gleði og ánægju. Aron Freyr Ívarsson kom, sá og sigraði Sturtuhausinn – söngkeppni VMA sem haldin var í Hofi í nóvember. Keppendur voru níu og stóðu sig öll með miklum glæsibrag og var það ekki öfundsvert hlutskipti fyrir dómnefndina að komast að niðurstöðu. Aron Freyr tekur þátt í Söngkeppni framhaldsskólanna á næsta ári fyrir hönd VMA.

Íþróttamóti nýnema í VMA var haldið í Íþróttahöllinni á Akureyri í lok nóvember. Nemendur í áfanga í viðburðastjórnun hjá Hrafnhildi Sigurgeirsdóttur sá um undirbúning og framkvæmd dagsins og er óhætt að segja að öllu hafi verið tjaldað

til. Svo mikið er víst að tilprifin sem sáust voru í hæsta gæðaflokki og mikið keppnisskap í nemendum.

Í byrjun desember var haldið glæsilegt jólaball á Græna hattinum. Skólablaðið Mjólnir kom ekki út á þessu ári en nemendafélagið er með virka Instagram-síðu.

Fulltrúar nemenda sitja í skólaráði þar sem þeir halda utan um hagsmuni nemenda. Kosið er í stjórn nemendafélagsins á vorönn. Viðburðarstjóri starfar með nemendaráði að félagslífinu í samvinnu við stjórnendur. Sem fyrr var gott samstarf á milli nemendafélags og stjórnenda skólans á árinu. Fulltrúar í stjórn þórdunu taka þátt í ýmsum verkefnum innan skólans t.d. skipulagningu og framkvæmd VMA hlaups og taka á móti grunnskólanemendum þegar þau koma til að kynna sér námið í VMA.



Fulltrúar VMA á Stórþingi ungmenna

Viðurkenningar til nemenda og þátttaka í keppnum

Nemendur skólans tóku þátt í frumkvöðlakeppninni Ungir frumkvöðlar sem fór fram í Smáralind í Kópavogi í lok mars. Nemendur í áfanganum Frumkvöðlafræði settu á stofn þrjú fyrirtæki, Klarus sem framleiðir súkkulaðibita, mótaða með laserskurði í Fab Lab, Moon, sem framleiðir orkudrykk og í þriðja lagi Cremé sem framleiðir mjólkurbúðing. Tvö fyrirtæki tóku þátt í keppninni í Smáralind en öll þrjú tóku þátt í sýningu sem fór fram á Glerártorgi viku eftir keppnina fyrir sunnan.

Víkingur Þorri Sigurðsson, nemandi á náttúruvísindabraut VMA, var í landsliði Íslands á Ólympíuleikunum í stærðfræði sem haldin var í Japan í júlí. Jafnframt tryggði Víkingur sér þátttökurétt í Norrænu stærðfræðikeppninni, sem var veflæg og fór fram í mars. Til að tryggja sér keppnisréttinn tók Víkingur þátt í

Stærðfræðikeppni framhaldsskólanna með þessum glæsilega árangri. Áfram hélt góður árangur nemenda í Stærðfræðikeppni framhaldsskóla í lok árs. Orri Sigurbjörn Þorkelsson og Víkingur Þorri kepptu í forkeppni stærðfræðikeppni framhaldsskólanna og tryggðu þeir sér þátttökurétt í úrslitakeppninni sem fer fram á næsta ári. Orri Sigurbjörn keppir á neðra stigi en Víkingur Þorri á efra stigi.

„Mín framtíð 2023“ - Íslandsmóti iðn- og verkgreina fór fram í Laugardalshöll í byrjun mars. VMA var með kynningarbás á sýningunni og skólinn átti fulltrúa í Íslandsmótinu í rafvirkjun, rafeindavirkjun, hársnyrtiiðn og málmsuðu. Fulltrúar VMA stóðu sig allir frábærlega vel en hæst báru Íslandsmeistaratitill Irenu Fannar Clemmensen í einstaklingskeppni í hársnyrtiiðn í flokki sveina og meistara og Íslandsmeistaratitill Hafþórs Karls Barkarsonar í málmsuðu. Þá vann Kormákur Rögnvaldsson til silfurverðlauna í fantasíugreiðslu. Þar var þemað hörmungar og Kormákur túlkaði húsbruna í sinni greiðslu.



Frá frumsýningu leikfélags VMA á Bót og betrun

Foreldrasamstarf

Tilgangur og markmið foreldrafélag VMA eru að efla samstarf milli foreldra um málefni sem varða velferð, menntun og þroska nemenda, að vera vettvangur samstarfs og samráðs foreldra og forráðamanna nemenda, að tryggja gott samstarf foreldra og forráðamanna, nemendafélags og starfsfólks skólans, að skapa farveg fyrir samskipti við stjórnendur skólans um málefni og hagsmuni ólöggráða nemenda, sérstaklega gagnvart bæði námsaðstæðum og þjónustu af hálfu skólans, og að styðja heimili og skóla í að skapa nemendum góð uppeldis- og menntunarskilyrði.

Stjórn foreldrafélagsins hittist tvisvar á árinu. Gunnbjörn Ketilsson fulltrúi foreldra sat fundi í skólanefndar á vorönn en Þorbjörg Ólafsdóttir á haustönn. Skólameistari sendi reglulega út tölvupósta til allra foreldra/forráðamanna nemenda yngri en 18

ára þar sem ýmsum upplýsingum um skólstarfið var komið á framfæri við foreldra/forráðamenn.

Skólanefnd


Núverandi skólanefnd var skipuð vorið 2021. Í skólanefnd VMA eru Sverre Jakobsson formaður, Matthías Rögnvaldsson, Eva Dögg Björgvinsdóttir, Hrafnhildur Karlsdóttir og Axel Grettisson. Fulltrúi starfsfólks er Karen Malmquist og fulltrúi foreldra er Gunnbjörn R. Ketilsson á vorönn en Þorbjörg Ólafsdóttir á haustönn. Fulltrúi Þórðunu nemendafélags skólans var Steinar Bragi Laxdal, formaður félagsins. Skólameistari situr alla fundi nefndarinnar ásamt aðstoðarskólameistara og rekstrar- og fjármálastjóri er kallaður á fundi þar sem fjármál og rekstur eru rædd. Á árinu var fundað sjö sinnum í skólanefnd VMA.

Málþing um hlutverk VMA

VMA stóð fyrir málþinginu *Hlutverk VMA í breyttri heimsmynd – mikilvægi skólans í nærsamfélaginu* í Hofi í lok mars. Framsöguerindi fluttu Ásmundur Einar Daðason, mennta- og barnamálaráðherra, Sigríður Huld Jónsdóttir, skólameistari VMA, Tryggvi Thayer, menntunar- og framtíðarfræðingur hjá Menntavísindasviði HÍ, og Anna Kristjana Helgadóttir, útskrifaður rafeindavirki frá VMA árið 2021.

Á síðari hluta málþingsins sátu frummælendur í pallborði sem og Haukur Eiríksson, brautarstjóri rafiðnbrautar VMA, Ágúst Torfi Hauksson, framkvæmdastjóri Kjarnafæðis-Norðlenska, Krístrún Lind Birgisdóttir, framkvæmdastjóri Ásgarðs, Lára Halldóra Eiríksdóttir, formaður stjórnar Samtaka sveitarfélaga og atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra, og Ingólfur Bender, hagfræðingur Samtaka iðnaðarins.

Fundarstjóri var Erla Björg Guðmundsdóttir, mannauðsstjóri hjá Norðurorku. Málþingið var vel sótt og sköpuðust fróðlegar og skemmtilegar umræður á þinginu. Hlutverk skólans er margþætt og er að mörgu leiti grunnur að því atvinnulífi sem er á svæðinu. Markmiðið með málþinginu var að minna á mikilvægi skólans og skapa umræðu um námið sem fram fer í VMA.



Fjölbreytileikinn í námsframboði endurspeglar í útskriftum 2017-2022

Sameining VMA og MA

Í lok apríl skipaði Mennta- og barnamálaráðherra stýrihóp um eflingu framhaldsskóla. Hópnum var falið að leggja fram tillögur að framtíðarskipulagi til að auka gæði náms og bregðast við breytingum í umhverfi skólanna. Að frumkvæði stýrihópsins og mennta- og barnamálaráðuneytisins voru skólameistarar VMA og MA falið að hefja viðræður um aukið samstarf skólanna um fagleg og rekstrarleg málefni eða sameiningu skólanna í nýjar og öflugri einingar. Skólastjórnendur unnu með stýrihópnum að gerð skýrslu um kosti og galla sameiningar og leggja fyrir mennta- og barnamálaráðherra fyrir lok maí. Í störfum hópsins var haft samráð við fulltrúa nemenda, kennara og starfsfólk skólanna og aðra hagaðila. Skólameistarar VMA og MA tóku saman gögn og mátu kosti og galla þess að auka samstarf eða sameina skólana. Í byrjun september gaf stýrihópurinn út skýrslu þar sem lagt var til að sameina ætti skólana. Stýrihópurinn telur að sameining skólanna í einn öflugasta framhaldsskóla á landinu væri mikið framfaraspur fyrir stöðu menntunar á framhaldsskólastigi bæði á Norðurlandi eystra og landinu öllu. Til yrði 1.800 nemenda skóli með mjög fjölbreyttu og öflugu námsbrauta- og námsvali fyrir nemendur á öllum aldri. Til viðbótar við nám til stúdentsprófs og námi í iðn- og starfsnámi verða til tækifæri til að flétta saman ýmsum námsbrautum á sviði bóknáms, listgreina og starfsgreina á grundvelli STEAM-hugmyndafræðinnar. Skólinn mun veita ungu fólki alveg nýja valkosti til að auðvelda þeim að undirbúa sína framtíð í síbreytilegum heimi. Samhliða þessari uppbyggingu þyrfti að koma til styrking á stoðþjónustu og þróunarstarfi innan skólans, með áherslu á símenntun og starfsþróun starfsfólks. Þeirri niðurstöðu var mótmælt harðlega sérstaklega frá nemendum og starfsfólki MA en VMA tók mildari afstöðu og talaði skólameistari VMA með sameiningu. Þessi umræða fór mikinn í samfélaginu og niðurstaðan var á endanum sú að ráðherra ákvað að halda ekki áfram með þau áform sem skýrsluhöfundar lögðu til varðandi sameiningar átta framhaldsskóla á Íslandi í fjóra þar með talið sameiningu VMA og MA.

Lokaorð

Árið 2023 færði okkur í VMA ýmis tækifæri en líka áskoranir. Loksins var ár án nokkurra áhrifa frá heimsfaraldri. Skólinn hélt öflugt málþing um hlutverk VMA í nærsamfélaginu sem endurspeglaði vel það námssamfélag sem skólinn er. Færði okkur í VMA stolt yfir okkar frábæra skóla. Umrót var mikið um haustið í kjölfar tillögu um sameiningu VMA og MA. Sú umræða var stundum erfið og óvægin gagnvart nemendum, náminu og skólanum. En á sama tíma gaf okkur tækifæri til að horfa á okkar mikilvæga skóla með stolti. Fjárhagsleg staða skólans setur æ meiri svip á skólastarfið. Mikil uppsöfnuð þörf á endurnýjun tækja og búnaðar er farinn að hafa áhrif á námið í skólanum. Í lok árs 2023 hófst umræða um stækkun á húsnæði skólans og gefur það skólasamfélaginu von um það að hægt verði að bæta úr.

Nemendur eru hornsteinn VMA. Það að þeir þroskist, öðlist sjálfstraust, líði vel, tilheyri hópnum og tileinki sér ákveðna leikni, þekkingu og hæfni skiptir mestu máli. Til að koma til móts við ólíkar þarfir nemenda býður skólinn upp á fjölbreyttar námsleiðir, góða þjónustu og mikinn stuðning við nemendur. Jafnframt er skólinn mikilvægur í nærumhverfi sínu og leitast við að vera í góðu samstarfi við hagsmunaaðila í nærumhverfi skólans.

Gildi skólastarfsins og einkunnarorð skólans eru: Fagmennska - Fjölbreytni - Virðing og er það hlutverk allra sem starfa og nema við skólann að fylgja eftir þeim gildum sem skólinn starfar eftir.

Gjört á Eyrarlandsholti maí 2024

Sigríður Huld Jónsdóttir

Skólameistari VMA

Yfirlit yfir nefndir og ráð innan VMA

Stjórnendafundir eru haldnir vikulega á stafstíma skólans

Svava Hrönn Magnúsdóttir náms- og starfsráðgjafi

Helga Júlíusdóttir náms- og starfsráðgjafi

Sigríður Huld Jónsdóttir skólameistari

Benedikt Barðason aðstoðarskólameistari

Sigurður Hlynur Sigurðarson áfangastjóri

Ómar Kristinsson sviðsstjóri

Harpa Jörundardóttir sviðsstjóri

Anna María Jónsdóttir sviðsstjóri

Hrafnhildur Haraldsdóttir rekstar- og fjármálastjóri

Gæðaráð fundar vikulega á starfstíma skóla

Halla Hafbergdóttir verkefna- og gæðastjóri

Sigríður Huld Jónsdóttir skólameistari

Benedikt Barðason aðstoðarskólameistari

Sigurður Hlynur Sigurðarson áfangastjóri

Harpa Jörundardóttir sviðsstjóri

Skólaráð fundar 4-6 sinnum á skólaári

Sigríður Huld Jónsdóttir skólameistari

Benedikt Barðason aðstoðarskólameistari

Svava Hrönn Magnúsdóttir náms- og starfsráðgjafi

Kormákur Rögnvaldsson fulltrúi nemenda (vorönn)

Linda Kristjánsdóttir fulltrúi nemenda (haustönn)

Þorsteinn Sveinsson fulltrúi nemanda

Skólanefnd VMA funda 6-8 sinnum á ári

Aðalmenn án tilnefningar:

Sverre Jakobsson - formaður

Matthías Rögnvaldsson

Eva Dögg Björgvinsdóttir

Aðalmenn skv. tilnefningu Samtaka sveitarfélaga og atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra:

Axel Grettisson

Hrafnhildur Elín Karlsdóttir

Karen Malmquist fulltrúi kennara

Steinar Bragi Laxdal fulltrúi nemenda
Gunnbjörn Ketilsson fulltrúi foreldra (vorönn)
Þorbjörg Ólafsdóttir fulltrúi foreldra (haustönn)

Stjórn Þórdunu

Steinar Bragi Laxdal formaður
Linda Björg Kristjánsdóttir hagsmunaráð og varaformaður (haustönn)
Mikael Jens Halldórsson skemmtanastjóri (vorönn)
Óskar Óðinn Sigtryggson gjaldkeri (haustönn)
Sigurður Einar Þorkelsson nýnemafulltrúi (vorönn) og skemmtanastjóri (haustönn)
Sjöfn Sigurðardóttir nýnemafulltrúi (vorönn)
Þorsteinn Sveinsson hagsmunaráð
Margrét Rún Stefánsdóttir kynningarstjóri (haustönn)

Stjórn kennarafélags VMA

Ásbjörg Benediktsdóttir formaður
Hafdís Björg Bjarnadóttir gjaldkeri
Bergur Tómasson ritari
Karen Malmquist meðstjórnandi/varamaður
Valgerður Dögg Oddudóttir Jónsdóttir meðstjórnandi/varamaður